

Stjórnarfundur ÍTF 18. október 2024

Mættir fulltrúar: Orri, Jón Rúnar, Guðbjörg, Baldur og Samúel á Teams.

Fjarrverandi: Styrmir, Heimir

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Gestur: Þórir Hákonarson fyrri hluta

Fundur settur kl 12:00

Fyrir var tekið:

1. 9 mánaða uppgjör ÍTF

- Þórir Hákonarson fór yfir 9 mánaða uppgjör ÍTF en reksturinn er á pari miðað við fjárhagsáætlun. Tekjuflæði er aftur orðið eðlilegt og verður gert upp við öll félögin í lok mánaðar þegar síðastu deildarkeppninni lýkur.

2. Fréttir af KSÍ

- Vallarmál: Framkvæmdir hafnar á Laugardalsvelli en verið er að leggja Hybrid gras frá sama framleiðanda og lagði í Kaplakrika. Mikið flækjustig að koma evrópuleikjum Víkinga fyrir á Kópavogsvelli, ánægjulegt að það mál sé frágengið en ljóst að það þarf að leysa þessi mál til frambúðar. Núverandi staða er ekki góð fyrir íslensk knattspyrnufélög.
- Samningur á milli ÍTF og KSÍ: Birgir rakti stöðu mála og upplýsti stjórn að hægt gengi að semja við KSÍ þó að vilji sé til þess. Málið hefur tafist óþarflega lengi og er það von okkar að hægt sé að ganga frá þessum samningi fyrir lok keppnistímabilsins. Næsti fundur er staðfestur í byrjun nóvember.
- Uppgjör vegna Mjólkurbikarsins hefur verið afgreitt. ÍTF greiddi KSÍ hlut sinn í samningi við Genius Sports sem er vegna Mjólkurbikars karla og kvenna. Formlegt uppgjör á milli aðila hefur þó ekki verið lokið en það mun fara fram á næstu dögum.

3. Mótamál 2025

- Birgir fór yfir drög að keppnistímabilinu 2025. Aðeins er um að ræða fyrstu drög og er verið að skoða tvær sviðsmyndir. Halda keppnistímabilinu óbreyttu, þar að segja að klára mótið eftir seinni landsleikjaglugga í október. Seinni möguleikinn er að klára mótið fyrir október glugga en það mun þrengja að þeim félögum sem taka þátt í forkeppni evrópudeildar. Birgir mun funda með mótastjóra KSÍ á næstu dögum og stefnt að því að senda á félögin fljótlega drög svo hægt sé að taka umræðuna við þau félög.



ÍTF

Íslenskur Toppfótbolti

Fornubúðir 5

220 Hafnarfjörður

toppfotbolti@toppfotbolti.is

4. Ráðstefna FIFA, KSÍ og ÍTF

- a. Dagana 11. til 12. nóvember mun FIFA koma til landsins og halda vinnustofu með félögunum í efstu deildum og ræða hvernig félögin geta aukið fagmannaleikann í starfinu hjá sér. Sænska ráðgjafafyrirtækið Goalunit mun einnig halda erindi á fundinum og taka sinn fyrsta fund með félögunum í Bestu deild karla, á dögum ákváðu þau að semja við fyrirtækin til tveggja ára. Birgir fór yfir dagskrá vinnudagsins og markmiðin.

5. Önnur mál

- a. App fyrir Bestu deildina. KSÍ er að hefja innleiðingu á nýju mótakerfi og samhliða því á að endurgera heimasíðu KSÍ. ÍTF var boðið á innleiðingarfund þar sem umræður fór af stað að aðlaga heimasíðu Bestu deildar að nýju síðunni. Einnig var umræða hvort síðan ætti að vera í app formati.
- b. Lengjudeild 2025. Birgir fór yfir framleiðslumál fyrir Lengjudeildina. Birgi falið að halda þeirri vinnu áfram og kynna næstu skref.
- c. Media Hub málefni. Birgir fór yfir hugsanlegar breytingar á Media Hub ÍTF og KSÍ. Verið er að skoða aðra aðila sem geta boðið félögunum og ÍTF töluvert meiri þjónustu fyrir sömu þóknun. Birgi falið að vinna málið áfram á milli funda og upplýsa stjórn um næstu skref.

6. Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:50